




STARFSSKRÁ SKRIFSTOFU  
TÓMSTUNDAMÁLA - ÍTR





## INNGANGUR

Starfsskrá skrifstofu tómstundamála hjá ÍTR kemur nú út í fyrsta skipti. Markmiðið með útgáfu starfsskrár er að til sé yfirlit yfir starfsemi á vegum skrifstofu tómstundamála á einum stað á aðgengilegu formi. Í starfsskrá eru tilgreind helstu markmið með starfseminni auk þess sem helstu starfsþáttum eru gerð skil.

Starfsskráin er kjölfesta þess starfs sem fram fer á vegum skrifstofu tómstundamála hjá ÍTR og skipar þar með veigamikinn sess ásamt starfsáætlun ár hvert við framkvæmd og skipulag frítímastarfs fyrir börn, unglunga og ungt fólk í Reykjavík. Starfsskráin veitir einnig leikmönnum innsýn í það fjölbreytta starf sem ÍTR stendur fyrir í borginni.

Starfsskrá skrifstofu tómstundamála hjá ÍTR er unnin af vinnuhóp sem skipaður var til verksins í febrúar 2006. Vinnuhópin skipuðu Eygló Rúnarsdóttir, Hulda Valdíis Valdímarsdóttir, Jóhannes Guðlaugsson, Krístrún Lilja Daðadóttir og Steingerður Kristjánsdóttir. Hópurinn fékk auk þess til liðs við sig forstöðumenn, deildastjóra og frístundaráðgjafa til skrafs og ráðagerðar. Eitt

af verkefnum hópsins var m.a. að skoða helstu kenningar félagssálfræðinga og uppeldisfræðinga um börn og unglunga í frítímanum. Í vinnunni var víða leitað fanga, í námskrám, starfsskrám og í öðru efni sem til var hjá ÍTR.

Vinnuhópurinn leggur til að starfsskráin verði endurskoðuð á þriggja ára fresti, næst í lok árs 2009. Starfsemi skrifstofu tómstundamála tekur breytingum í takt við samfélagið og það er mikilvægt að starfsskrá gefi sem réttasta mynd af grunnþáttum í starfseminni á hverjum tíma.





## LEIÐARLJÓŠ

Börnum og ungmennum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og jafnræði. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem eiga undir högg að sækja vegna fötlunar eða félagslegra aðstæðna. Frístundastarf ÍTR er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er með viðhorf og atferli barna og ungmenna í átt til heilbrigðs lífsstíls og virkni í samfélaginu.

### 1. HLU TVERK SKRIFSTOFU TÓMSTUNDAMÁLA ÍTR


ÍTR hefur yfirumsjón með frístundastarfi á vegum Reykjavíkurborgar fyrir börn og ungmenni. Það er jafnframt hlutverk ÍTR að efla og þróa fagumhverfi frítímans með áherslu á börn og ungmenni. Skrifstofa tómsundamála er ráðgefandi gagnvart fagráði ÍTR varðandi frístundastarf barna og ungmenna og þróun þess í borginni.

Til að ná starfsmarkmiðum sínum starfrækir ÍTR frístundamiðstöðvar í hverfum borgarinnar og Hitt húsið í miðbæ Reykjavíkur. Jafnframt tekur ÍTR þátt í ýmsum þverfaglegum samstarfsverkefnum. Undir starfsemi frístundamiðstöðvanna heyra félagsmiðstöðvar fyrir unglinga, frístundaheimili fyrir börn, og annað frítímastarf fyrir börn og unglinga í hverfum borgarinnar. Frístundastarf á vegum ÍTR tekur mið af samfélagslegri þróun og áherslum á hverjum tíma og er því í eðli sínu síbreytilegt með rætur í hugmyndafræði sem setur starfinu faglega umgjörð.

ÍTR leggur metnað í að ráða hæft, ábyrgt og áhugasamt fólk til starfa með börnum og ungmennum og leggur kapp á að starfsmenn hafi til að bera menntun, fjölbreyttan bakgrunn og reynslu. Hjá ÍTR er virk starfsmannastefna og jafnréttisáætlun og starfsmönnum ber að starfa samkvæmt þeim réttindum og skyldum sem sett eru fram í kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkur. Starfsstaðir ÍTR setja sér siðaviðmið í starfinu auk þess sem vísað er til siðareglna Félags fagfólks í frítímabjónustu.

## 2. GILDI FRÍTÍMANS

Frítíminn er í nútímaþjóðfélagi vettvangur uppeldisstarfs þar sem áhersla er lögð á aukinn þroska og færni með fjölbreyttum viðfangsefnum og reynslunámi. Á vettvangi frítímans er lögð áhersla á að þjálfá samskiptafærni, auka félagsfærni, styrkja sjálfmynd og efla samfélagslega virkni og þátttöku.



Í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er kveðið á um rétt barna til tómtunda og skapandi starfs:

31. gr. 1. Aðildarríki viðurkenna rétt barns til hvíldar og tómtunda, til að stunda leiki og skemmtanir sem hæfa aldri þess, og til frjálsrar þátttöku í menningarlífi og listum.

2. Aðildarríki skulu virða og efla rétt barns til að taka fullan þátt í menningar- og listalífi, og skulu stuðla að því að viðeigandi og jöfn tækifæri séu veitt til að stunda menningarlíf, listir og tómtundaiðju.

Í starfi frístundamiðstöðvanna er unnið mikilvægt forvarnarstarf og börnum og ungmennum skapaður jákvæður valkostur í frítímanum með fagfólki, öruggu umhverfi og innihaldsríku starfi.

### FYRIR BÖRN OG UNGMENN HEFUR FRÍTÍMINN ÞRÍÞÆTT GILDI:

#### AFPREYINGARGILDI

Afþreying hefur á síðustu árum fengið neikvæða merkingu, líkt og um sé að ræða neikvæða hegðun sem ekki sé ákjósanleg fyrir ungt fólk. Að skemmta sér, hlæja og drepa tímann í góðum hópi án sýnilegs markmiðs er mikilvægur hluti af lífinu og nauðsynlegt að skapa börnum, unglíngum og ungu fólki tíma og aðstöðu til afþreyingar undir þessum formerkjum. Börn og unglíngar hafa þörf fyrir að tilheyra hópi, eiga í samskiptum og njóta samverunnar við jafningja og mikilvæga aðra en rannsóknir sýna mikilvægi þess að börn og unglíngar geti litid til annarra fullorðinna, auk foreldra sinna, sem fyrirmynda og myndað við þá tengsl.

#### MENNTUNGARGILDI

Í frítímanum fást börn og ungmenni við fjölbreytt og skapandi verkefni þar sem lögð er áhersla á virkni, frumkvæði og sköpun. Þátttaka í slíkum verkefnum færir unga fólkinu reynslu og þekkingu sem þau búa að og geta yfirfært yfir á samfélagið. Hér er ekki um formlegt nám að ræða heldur er lögð áhersla á reynslunám og óformlega menntun.

#### FORVARNARGILDI

Þátttaka í skipulögðu félagsstarfi í umsjá fagfólks í öruggu umhverfi hefur mikið forvarnargildi. Með því að bjóða börnum og ungu fólki upp á jákvæð viðfangsefni í frítímanum með sterkum fyrirmyndum aukast líkur á því að þau kjósi heilbrigðan lífstíl og forðist áhættuhegðun.

Afþreyingar-, menntunar-, og forvarnargildi frítímans skarast alla jafna í starfsemi á vegum frístundamiðstöðvanna. Sköpun, félagsleg virkni og frjáls leikur hefur afþreyingargildi en hefur að sama skapi bæði forvarnar- og menntunargildi. Þegar börn í frístundaheimili horfa á skemmtilega bíómynd skapast vettvangur fyrir umræður um efni myndarinnar þar sem færi gefst á að ræða gildi og viðmið samfélagsins og skoðanir hvers og eins. Það má jafnframt nýta myndina til að þjálfá framsögn, segja frá myndinni eða afmörkuðum þáttum hennar. Í félagsmiðstöðvastarfinu er dansleikur í sjálfu sér afþreying en um leið eru unglíngar að þjálfá samskiptafærni sína, læra „vinsælustu sporin“ af jafningjahópnum og eru í öruggu umhverfi án vímuegja undir umsjón fagfólks. Þegar skipulagning og framkvæmd dansleiksins er svo einnig í höndunum unglínganna sjálfra öðlast þau reynslu af verkefnisstjórnun og þjálfá samstarf og samskipti.

Það má því segja að það skipti mestu máli hvaða hugmyndafræði og markmið liggja að baki starfinu og hvernig staðið er að framkvæmd viðfangsefna frekar en að eingöngu sé horft á viðfangsefnið sjálft.

### 3. LYKILFÆRNI Í FRÍTÍMANUM

Í frítímanum gefast ótal tækifæri til að vinna með þætti sem efla og styrkja einstaklinginn sem félagsveru og virkan þjóðfélagsþegn. Hjá ÍTR er lögð megináhersla á að vinna með samskiptafærni, félagsfærni, sjálfsmynd og samfélagslega virkni og þátttöku. Í nútímaþjóðfélagi vega þessir þættir sífellt þyngra og einstaklingar sem hafa góð tök á þessum þáttum standa vel að vígi á fullorðinsárum. Færni er erfitt að kenna með formlegum hætti. Frítíminn skipar stóran sess í lífi barna og ungmenna og er því góður vettvangur til að þjálfa samskipta- og félagsfærni, efla sjálfsmynd og samfélagslega virkni og þátttöku enn frekar og styðja við vinnu heimila og skóla með sömu viðfangsefni. Í gegnum viðfangsefni í frítímanum gefst börnum og unglingum tækifæri til að spegla skoðanir sínar og viðhorf í jafningjahópi á sínum forsendum enda þátttaka valfrjáls. Það starf sem unnið er á vettvangi frítímans og inni í skólakerfinu styður hvort annað í átt til aukinnar færni, líkt og tvær hliðar á sama peningi. Með virkri þátttöku í frítímanum skapast annars konar tækifæri fyrir börn og unglinga til þjálfunar og í öðru samhengi og umhverfi. Viðfangsefni í frítímanum henta sumum jafnvel betur en vettvangur skólanna til aukins þroska og færni og frítímastarfið gefur því færi á auknum möguleikum til lífsfyllingar.

#### SAMSKIPTAFÆRNI

Allt frá æsku þjálfar einstaklingur samskiptafærni sína í gegnum hin fjölbreyttu viðfangsefni lífsins. Fólk verður seint fullnuma í samskiptum en meginmarkmið með þjálfun samskiptafærni í frítímastarfi eru:

- o Að öðlast færni í tjáskiptum og styrkjast þannig í að tjá og fylgja eftir skoðunum sínum, tilfinningum og hugðarefnum
- o Að þroska næmi á margbreytileika eigin tilfinninga og vera þannig meðvitaður um hvernig tilfinningar hafa áhrif á hegðun, hugsun og samskipti

#### FÉLAGSFÆRNI

Maður er manns gaman. Nútímasamfélag leggur áherslu á að einstaklingar geti lifað í samfélagi við aðra í sátt og samlyndi.

Meginmarkmið með þjálfun félagsfærni í frítímanum eru:

- o Að rækta með sér samkennd, samhygd og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra til að geta átt auðug og gefandi samskipti við einstaklinga óháð aldri, kyni, kynhneigð, þjóðerni, trú, líkamlegu og andlegu atgervi
- o Að öðlast yfirsýn sem gerir honum kleift að skilja og virða reglur samfélagsins

#### SJÁLFSMYND

Hugmyndir okkar um okkur sjálf eru í sífelldri endurskoðun vegna áhrifa frá umhverfinu. Það er því mikilvægt að börn, unglingar og ungt fólk fái stuðning við mótnun sjálfsmyndar á eigin forsendum í frítímanum, sem og annars staðar. Í frítímanum er mikilvægt að styðja við jákvæða þróun sjálfsmyndar meðal barna, unglinga og ungs fólks og stuðla að því að einstaklingurinn:

- o Þekki sjálfan sig, eigin styrkleika og veikleika og sé fær um að taka ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar
- o Sé meðvitaður um hlutverk fjölskyldunnar og þátt hennar í að móta og styrkja sjálfsmynd og lífsviðhorf
- o Styrkist í að bera ábyrgð á eigin lífi, m.a. með því að taka afstöðu gegn neyslu hvers kyns vímuefna
- o Öðlist áráði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðanir á sjálfstæðan og ábyrgan hátt og átti sig á samhengi þessa við að setja sér markmið varðandi framtíð sína

#### VIRKNI OG ÞÁTTTAKA

Það er mikilvægur hluti af þroska hvers einstaklings að taka virkan þátt í samfélaginu auk þess sem það eflir félagsauðinn. Vettvangur frítímans er mikilvægur þjálfunarettvangur barna, unglinga og ungs fólks. Meginmarkmið með að stuðla að virkni og þátttöku í frítímanum eru:

- o Að þroska borgaravitund og færni í að vera ábyrgur þátttakandi í samfélaginu og að móta og bæta umhverfi sitt með lýðræðislegum aðferðum og umræðu
- o Að þroska alþjóðavitund og skilning á grundvallarmannréttindum
- o Að skapa tækifæri til að njóta útiveru
- o Að skapa tækifæri til að njóta menningar og lista
- o Að styðja við ábyrga afstöðu gagnvart áróðri í t.d. auglýsingum, kvikmyndum, á veraldarvefnum eða á opinberum vettvangi
- o Að skapa tækifæri til þjálfunar í að fjalla um ýmis dægurmál sem upp kunna að koma hverju sinni
- o Að hvetja til frumkvæðis í að rækta sköpunargáfu sína og aðlögunarhæfni í margbreytilegum verkefnum

*Úr Aðalnámskrá grunnskóla í lífsleikni.*

## 4. FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVAR

Markmið ÍTR er að starfrækja frístundamiðstöð í hverjum borgarhluta. Nú eru starfandi fimm frístundamiðstöðvar í Reykjavík, Frostaskjól í Vesturbæ, Tónabær í Háaleiti og Laugardal, Miðberg í Breiðholti, Gufunesbær í Grafarvogi og Ársel í Árbæ, Grafarholti og Norðlingaholti. Vorið 2007 tekur jafnframt til starfa ný frístundamiðstöð fyrir Miðborg og Hlíðar. Vettvangur starfseminnar er frítími barna og unglunga en einnig hverfastarf ýmiss konar og þverfaglegt samstarf. Auk þessa bjóða frístundamiðstöðvarnar upp á frístundaaðstöðu fyrir almenning úti í hverfum borgarinnar.

Mikið er lagt upp úr því að bjóða upp á fjölbreytt og áhugavert frístundastarf undir leiðsögn fagfólks. Frístundamiðstöðvar sjá um rekstur félagsmiðstöðva og frístundaheimila í sínu hverfi. Að auki fellur þar undir starfsmannstjórnun, rekstur, fjármál, húsnæðismál, tækjamál o.fl.

## 4.1. ANNAÐ FRÍSTUNDASTARF

Frístundamiðstöðvarnar eru hin miðlæga stjórnun starfseminnar í hverjum borgarhluta. Auk þeirrar starfsemi sem talin er hér að ofan heyrir ýmis önnur starfsemi og aðstaða beint undir frístundamiðstöðvarnar.

### UNGMENNARÁÐ

- Í hverju hverfi er starfandi Ungmennaráð. Tveir fulltrúar úr hverju Ungmennaráði mynda Reykjavíkurráð ungmenna. Fulltrúar í ráðunum eru á aldrinum 13-18 ára og eru tilnefndir í lýðræðislegan hátt af nemendaráðum allra framhaldsskóla og allra grunnskóla með unglingadeild.
- Markmið með starfi Ungmennaráða er að gefa ungmennum sem ekki hafa kosningarétt möguleiki á að koma þeim málefnum sem á þeim brenna á framfæri við viðeigandi aðila. Ungmennaráðin koma sínum málefnum á framfæri hjá pólitískt kjörnum hverfaráðum og Reykjavíkurráð sínum málefnum hjá borgarráði.

## FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ



## ÚTLÁN OG LEIGA

- Þar sem því verður við komið er aðstaða og/eða búnaður fyrir frístunda- og félagsstarf í hverfum leigt út eða lánað íbúum í hverfinu, s.s. til fundarhalds, gistingar eða hvers konar félagsstarfs.
- Markmiðið með útláni og leigu er að veita þeim aðilum sem ekki hafa slíka aðstöðu möguleika á að halda úti sínu starfi og styðja þannig við bakið á þeim.

## HVERFASAMSTARF OG HVERFAHÁTÍÐIR

- Frístundamiðstöðvar eru ýmist frumkvöðlar að eða þáttakendur í ýmiss konar hverfasamstarfi. Hér er átt við vinnu vegna eflingu félagsauðs og þátttöku í hverfasamtökum til að stuðla að framþróun í hverfum og vegna hverfahátíða.
- ÍTR hefur til langs tíma haft frumkvæði að ýmsu hverfastarfi með það að markmiði að auka félagsauð, stuðla að aukinni samstöðu hverfisbúa og til að auka meðvitund hverfisbúa um nærumhverfið.

## VIÐBURÐIR - KEPPNIR

- ÍTR hefur um árabíl haft mikil áhrif á menningu barna og unglinga. Má í því samhengi nefna Músiktilraunir, Freestyle, Plötusnúðakeppnina / Frostrok og Rímnaflæði sem dæmi um slík menningartengd verkefni. Verkefni eru í umsjá skrifstofu tómstundamála en framkvæmd þeirra er í höndum frístundamiðstöðva. Löng hefð er fyrir því að halda slíka viðburði og hefur myndast mikil þekking í starfshópum ÍTR sem gerir viðburðina vandaða og skemmtilega. Þess má geta að ýmis önnur sambærileg verkefni eru unnin af ÍTR (*sjá Önnur verkefni á vegum skrifstofu tómstundamála bls. 16*).
- Keppnirnar hafa afþreyingargildi en markmiðið er að gefa börnum og ungmennum tækifæri til að styrkja sjálfmynd sína með því að nýta hæfileika sína og að skemmta sér í öruggu og heilbrigðu umhverfi.

## JADARSPORT OG ÚTIVISTARSVÆÐI

- Í hverfum borgarinnar eru möguleikar til jadarsports mismunandi og mismiklir. Brettapallar, klifurveggir, siglingar og Folfvöllur eru dæmi um jadarsport sem hægt er að stunda í hverfunum. Á heimasíðum frístundamiðstöðvanna má sjá hvað er í boði á hverjum stað. Einnig eru útivistarsvæði hverfanna tengd frístundamiðstöðvunum á beinan eða óbeinan hátt.

- Það er markmið ÍTR að greiða götur þeirra sem áhuga hafa á jadarsporti hvers konar og á það einnig við um almenningsíþróttir og útivistarsvæði. Markmið starfseminnar er að skapa áhugaverðan afþreyingarvalkost fyrir borgarbúa þar sem lögð er áhersla á fjölbreytta frístundaiðju sem nýtist sem flestum aldurshópum.

## LEIKVELLIR FYRIR 2-6 ÁRA

- Yfir sumartímamann eru starfræktir leikvellir, einn eða fleiri í borgarhlutanum. Leiðbeinendur leikvalla taka á móti börnum 2-6 ára. Lengd dvalar hverju sinni er ákveðin í samráði við foreldra.
- Markmiðið með starfrækslu leikvallanna er að bjóða upp á valkost fyrir börn 2-6 ára þar sem þau geta leikið sér í öruggu umhverfi undir eftirliti í skemmri tíma.

## SMÍÐAVELLIR

- Smíðavellir eru fyrir börn frá 8-12 ára. Þeir eru starfræktir allan daginn hluta úr sumri og helstu viðfangsefni eru kofasmíðar og smíði á ýmiss konar smáhlutum.
- Markmiðið með starfi smíðavallanna er að kenna börnum að meðhöndla þau verkfæri sem notuð eru við smíðar og örva sköpunarkraft þeirra. Starfið byggir á virkni og þátttöku barnanna við að skapa sín eigin verk undir handleiðslu starfsfólks og áhersla er lögð á uppbyggingu samskipti og samstarf.

## UPPLÝSINGAGJÖF OG KYNNINGARSTARF

- Starf frístundamiðstöðva felur í sér mikil samskipti við foreldra og aðra samstarfsaðila. Mikilvægt er að vel og faglega sé staðið að allri upplýsingagjöf og því kynningarstarfi sem fram fer í starfinu s.s. á samráðsfundum, foreldrakynningum, kynningum fyrir kennara og einnig gagnvart börnunum og unglingunum sjálfum. Fréttabréf, heimasíður, tölvupóstur, bæklingar og annað kynningarefni eru einungis nokkrir þættir sem starfsfólk þarf að huga að í þessu samhengi.
- Markmiðið er að allir notendur þjónustunnar, foreldrar og samstarfsaðilar hafi góðan aðgang að upplýsingum um starf á vegum frístundamiðstöðvanna og geti fylgst með því starfi sem þar fer fram. Auk þess er mikilvægt að kynna starfsemina þannig að almenningur þekki eðli, markmið og einstök verkefni starfsins hverju sinni.

## 4.2. STARF FYRIR 6-9 ÁRA BÖRN

Starf fyrir þennan aldurshóp fer fram í frístundaheimilum í hverfum borgarinnar að vetri til og ýmist á frístundaheimilum og/eða félagsmiðstöðvum yfir sumartímann. Frístundaheimilin bjóða upp á fjölbreytt frítímastarf þegar hefðbundnum skóladegi lýkur og á sumrin fara fram fjölbreytt námskeið fyrir þennan aldurshóp.

Meginmarkmið með barnastarfinu, sumar sem vetur, er að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Lögð er áhersla á að þroska félagslega færni í gegnum leik og starf sem og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Leitast er við að veita öllum börnum þjónustu óháð getu þeirra, þroska eða fötlun og því er markmiðið að öll börn eigi kost á að taka þátt í starfinu og að tekið sé mið af því sem barnið getur, en síður til þess sem barnið getur ekki. Mikið er lagt upp úr öryggi barnanna og hefur barnastarfið öryggisferla sem unnið er eftir.

### HÓPASTARF

- Unnið er í mismunandi hópum að ákveðnum verkefnum. Annars vegar er unnið með sértæka hópa vegna þess að þátttakendur þurfa sérstakan stuðning og hins vegar er unnið í áhugasviðshópum út frá ákveðnu þema.
- Með hópastarfinu er markmiðið að börn kynnist fjölbreyttum viðfangsefnum og vinnuaðferðum í frítímanum. Í hópastarfi gefst tækifæri á persónulegri nálgun og þátttakendur kynnast betur innbyrðis. Hópastarfið býður upp á opnar spurningar og umræður um gildi og viðhorf ásamt því að veita tækifæri til þess að þjálfa samskiptahæfni.

### OPIÐ STARF

- Áhersla er lögð á frjálsan leik og uppeldislegt gildi hans.
- Þemavinna og smíðjur þar sem börnin upplifa og kynnast nýjum viðfangsefnum.
- Með opnu starfi eru börnin höfð með í ráðum varðandi viðfangsefni og val.
- Markmiðið með opnu starfi er að börnin læri að taka ákvarðanir og að þau hafi vettvang til að þroskast og efla félagsleg samskipti í gegnum frjálsan leik.

### FORMLEG / ÓFORMLEG FRÆÐSLA

- Farið í vettvangsferðir með börnin þar sem þau fræðast um umhverfi sitt, borgina og ýmsar stofnanir, s.s. söfn, sundlaugar og Fjölskyldu- og húsdýragarðinn svo eitthvað sé nefnt. Einnig eru einkafyrirtæki heimsótt og börnin frædd um ýmsa framleiðslu og þjónustu sem þau veita. Jafnframt fá börnin kynningu á tólmstundatilboðum í hverfinu.
- Í anda barnalýðræðis eru ýmis málefni sem eru efst á baugi tekin fyrir sem henta aldri og þroska barnanna. Sem dæmi má nefna eineltis- og fordómafræðslu.
- Foreldrakovöld og kynningar eru góður vettvangur fyrir börnin til að læra að undirbúa og halda slíka kynningu á starfinu hverju sinni og efla þar með sjálfstæði og frumkvæði barnanna.
- Markmið með fræðslu í barnastarfinu er að auka þekkingu og efla vísýni gagnvart viðkomandi málefnum. Fræðsla er mikilvæg forvörn sem hvetur börnin til að velja heilbrigð viðfangsefni í frítímanum.


### BARNALÝÐRÆÐI

- Barnaráð og barnafundur eru verkfæri til að virkja lýðræðisleg vinnubrögð með börnum.
- Barnalýðræði er mikilvægt til að kenna börnum að hafa áhrif á líf sitt og starf. Með virku barnalýðræði er markmiðið að efla virkni, sjálfstæði og ábyrgð barnanna. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er hafður til grundvallar.
- Markmið með barnalýðræði er að börnin fái tækifæri til að æfa sig í lýðræðislegum vinnubrögðum og hafi áhrif á umhverfi sitt og viðfangsefni.

## 4.3. STARF FYRIR 10-12 ÁRA BÖRN

Í hverju hverfi er boðið upp á fjölbreytt frístundatilboð fyrir börn á þessum aldri eftir að skóladegi lýkur og yfir sumartímann. Starfið er í formi námskeiða, hópastarfs eða opins starfs. Starf fyrir þennan aldurshóp hefur það að markmiði að kynna fyrir börnunum fjölbreytta möguleika í frístundastarfi, bjóða þeim upp á jákvæðan valkost í frítímanum og samveru með jafnöldrum sínum undir handleiðslu fullorðinna.





## NÁMSKEIÐ OG SMÍÐJUR

- Á veturna eru í boði námskeið og smíðjur sem fara fram eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur. Það fer eftir viðfangsefnum hvers námskeið hversu langan tíma í senn það er haldið og yfir hversu langt tímabil það teygir sig. Það sama gildir um smíðurnar. Á sumrin eru haldin heilsdagsnámskeið sem standa yfir eina viku í senn þar sem ólík þemu eru tekin fyrir á hverju námskeiði, s.s. matreiðsla, útivist og fjöllistir.
- Meginmarkmiðið með námskeiðunum og smíðjuvinnunni er að kynna fyrir þátttakendum fjölbreytta möguleika í frístundastarfi, vekja áhuga þeirra á þátttöku í slíku starfi og sjá þeim fyrir uppbyggilegri afþreyingu í frítímanum.

## HÓPASTARF

- Ýmist er verið að vinna með börnin í sértæku hópastarfi þar sem unnið er með ákveðinn hóp að settum markmiðum eða í hópastarfi sem stendur öllum opið og er það þá val hvers og eins hvort hann tekur þátt. Á sumrin er hópastarfið í formi heilsdagsfrístundaklúbba þar sem þátttaka hverju sinni er einnig frjálst val og börnin taka virkan þátt í öllu skipulagi og framkvæmd dagskrárliða.


- Markmiðið með sértæka hópastarfinu er ólíkt eftir eðli starfsins hverju sinni s.s. að efla samskiptahæfni og styrkja sjálfsmynd. Markmiðið með opna hópastarfinu og starfi frístundaklúbba er að virkja börnin til þátttöku og ábyrgðar í frístundastarfi og veita þeim vettvang til að þjálfra sig í samskiptum og eiga ánægjulegar samverustundir með jafnöldrum sínum. Einnig gefst með hópastarfinu tækifæri til að kynna fyrir börnunum í minni hópum ýmsa spennandi möguleika í frístundastarfi og vinna að ýmsum verkefnum sem henta síður í fjölmennari hópum, s.s. verkefni tengd sjálfsstyrkingu, vinna með hópeflis- og samskiptaleiki og skipuleggja ákveðna viðburði.

## OPIÐ STARF

- Börnin hittast 1-2 í viku í félagsmiðstöðinni yfir vetrartímann þar sem ýmis tómstundatilboð eru í gangi sem opin eru öllum s.s. borðtennis, bandí, billjard, spil, leikir o.fl. Stundum er árgöngunum skipt upp og unnið með þá einn í einu, allt eftir stærð hópsins og þörfum hans hverju sinni.
- Áhersla er lögð á að virkja börnin til þátttöku og veita þeim vettvang til ánægjulegra samveru með afnöldrum sínum.

## 4.4. STARF FYRIR 13-16 ÁRA UNGLINGA

Fritímastarf fyrir þennan aldurshóp fer fram í félagsmiðstöðvum í hverfum borgarinnar. Með starfsemi félagsmiðstöðva er verið mæta þröfum unglunga fyrir fjölbreytt frítímastarf og samveru með jafnöldrum. Rannsóknir sýna að þátttaka í skipulögðu frítímastarfi hefur mikið forvarnargildi og styrkir unglunga til virkari þátttöku í samfélaginu. Starfsemi félagsmiðstöðva miðar að því að bjóða öllum unglingum upp á valkost í frítímanum undir handleiðslu hæfra starfsmanna. Félagsmiðstöðvar eru því mikilvægur vettvangur fyrir ófélagsbundna unglunga.



### OPÍÐ STARF

- Ýmis frístundatilboð í boði sem opin eru öllum. Unglingarnir geta komið og spilað billjard, borðtennis, bandí, hlustað á tónlist, spjallað við starfsfólkið o.s.frv. Opíð starf er kjörinn vettvangur fyrir unglungana til að mynda tengsl hvert við annað og fyrir starfsfólk til að spjalla og tengjast unglingunum.
- Meginmarkmiðið er að skapa unglingum vettvang til að hittast á hlutlausum og öruggum stað þar sem þeir geta komið á eigin forsendum og verið virkir á þann hátt sem hentar þeim hverju sinni undir handleiðslu fullorðinna.

### HÓPASTARF

- Hópastarf gefur unglingum möguleika á að starfa í minni hópum að ákveðnum áhugategndum verkefnum með aðstoð starfsmanns. Einnig getur verið um að ræða árgangaklúbba og/eda stelpu- og strákaklúbba þar sem dagskráin er fjölbreyttari og ekki miðuð við afmarkað þema. Ýmiss konar formleg og óformleg fræðsla er fastur liður í hópastarfinu. Hópar geta starfað í lengri eða skemmi tíma, allt eftir áhuga unglunganna og viðfangsefnum hópastarfsins hverju sinni.

- Hópastarf gefur starfsfólki gott tækifæri til að vinna með fámennari hópa og persónulegri tengsl. Einnig skapast í hópastarfi betri tækifæri fyrir beina og óbeina fræðslu ásamt umfjöllun um ýmis unglingatengd málefni. Hópastarf er m.a. góður vettvangur til þess að þjálfa samskiptahæfni með jafningjum og fullorðnum ásamt því að gefa unglingum tækifæri til að þroska með sér hópvitund. Í hópastarfi af þessu tagi er meginmarkmiðið oft tengt sameiginlegu áhugasviði þátttakenda en önnur undirliggjandi markmið geta t.d. falið í sér að fram fari fræðsla um einelti, kynlíf, fordóma, unnið verði með samskiptin í hópnum eða sjálfstyrkingu.

### SÉRTÆKT HÓPASTARF

- Í slíku hópastarfi er fyrirfram ákveðið með hvaða þætti á að vinna og sérstaklega eru valdir í hópinn þeir einstaklingar sem hafa þörf fyrir sértæka vinnu. Oft er valið í slíka hópa af þverfaglegum teyimum og/eda í miklu samstarfi við samstarfsaðila. Verið er að bjóða upp á úrræði sem í flestum tilfellum er ekki boðið upp á af öðrum aðilum og sem kallar á meira og nánara foreldrasamstarf en annað hópastarf.
- Markmiðin með slíku starfi geta t.d. verið að vinna að því að styrkja sjálfsmynd þátttakenda, efla samskipta- og félagsfærni, stuðla að heilbrigðum lífsháttum eða brjóta niður óæskilegt hegðunarmynstur. Oft er verið að vinna með unglunga sem þurfa aðstoð við að tengjast inn í almennt félagsmiðstöðvarstarf og hafa ekki verið að sinna heilbrigðum frístundum. Í slíkum tilfellum er markmiðið að styrkja unglungana til þátttöku í uppbyggilegu frístundastarfi.
  - o **Félagsmiðstöðvahópar:** Samstarf við Vinnuskóla Reykjavíkur um hópastarf fyrir unglunga yfir sumartímann þar sem blandað er saman hefðbundinni unglingskólavinnu og sértæku starfi með þátttakendum. Í framhaldi af starfi hópanna yfir sumartímann er einnig unnið með þá yfir vetrartímann þar sem hist er u.þ.b. tvisvar í mánuði. Í Léttliðahópa eru valdir unglingar sem þurfa á stuðningi að halda vegna áhættuhegðunar. Í Fjörliðahópnum eru valdir unglingar sem þurfa á félagslegri hvatningu að halda og eru félagslega óvirkir án sýnlegrar ástæðu. Lögð er áhersla á auknið sjálfstæði unglunganna ásamt ábyrgð og virkni í leik og starfi.

- o **Vinahópar:** Í vinahópum er unnið með unglunga sem þurfa á félagslegri hvatningu að halda og eru félagslega óvirkir án sýnilegrar ástæðu. Þar eru þeir þjálfaðir í félagsfærni og sjálfsmat þeirra og sjálfstraust eftl á markvissan hátt. Um er að ræða sambærilegan markhóp og í Fjörlíðaverkefningu og oft verða þátttakendur í starfi Vinahópa þátttakendur í starfi Fjörlíða í framhaldinu.

## UNGLINGALÝÐRÆÐI

- Unglingalýðræði er sú hugmyndafræði sem félagsmiðstöðvarstarfið byggir á og er sú leið sem notuð er til þess að tryggja áhrif unglunganna á starfið. Lögð er áhersla á virkni einstaklinganna, þátttöku og ábyrgð. Hluti af unglingalýðræðinu felst í því að kosið er í svokallað unglingarád og í því sitja einstaklingar sem boðið hafa sig fram og eru lýðræðislega kjörnir. Mikilvægasta hlutverk unglingaráðs er að virkja sem flesta nemendur til þátttöku í starfi félagsmiðstöðvarinnar og standa fyrir og skipuleggja dagskrá félagsmiðstöðvarinnar. Unglingar í ráðinu eru fyrirmynd og bera m.a. ábyrgð á því að gott upplýsingastreymi sé á milli ráðsins og annarra unglunga. Unglingaráð starfar í samræmi við settar starfsreglur, mótar viðfangsefni líðandi stundar í félagsmiðstöðinni og er málsvari unglunganna.
- Markmiðið er að þjálfa unglunga í að taka sjálfstæðar ákvarðanir byggðar á þeirra eigin skoðunum og hugmyndum og taka afleiðingum þeirra. Jafnframt styrkja þessi vinnubrögð sjálfsmynd unglunganna, þjálfa þá í að temja sér víðsýni og gagnrýna hugsun. Þessi hugmyndafræði þjálfar unglunga einnig í þeim vinnubrögðum sem tíðkast almennt í lýðræðilegu samfélagi og er því góð þjálfun fyrir lífið framundan.

## FORMLEG / ÓFORMLEG FRÆÐSLA

- Um getur verið að ræða fræðsluerindi sem starfsfólk félagsmiðstöðva getur boðið hópum af unglungum upp á, ýmist í skólum, á opnunartíma félagsmiðstöðvarinnar eða í hópastarfi í félagsmiðstöðvum. Sem dæmi má nefna fordómafræðslu, sjálfstyrkingu, eineltisfræðslu og kynfræðslu. Einnig er hér átt við fræðslustarf og kynningar frá ýmsum utanaðkomandi aðilum. Óformleg fræðsla er gríðarlega mikilvægur þáttur í starfinu og á sér þannig stað að starfsfólk tekur þátt í því að ræða við unglunga

um málefni líðandi stundar og hvetja til gagnrýnnar hugsunar og skoðanaskipta.

- Markmiðið með þessari fræðslu er aðallega að skapa aðstæður til umræðna og skoðanaskipta í unglingahópnum um málefni sem varða unglunga á einn eða annan hátt. Með þeim hætti er hægt að styðja og styrkja unglungana við ákvarðanatökur af ýmsum toga og beina þeim í átt að heilbrigðum lífsstíl.

## VIÐBURÐIR

- Viðburðir sem félagsmiðstöðvarnar standa fyrir í sínu starfi geta verið af ýmsum toga. Í flestum tilfellum er um að ræða viðburði sem unglungarnir hafa sjálfir komið með hugmyndir um og taka að sér að skipuleggja og framkvæma í samstarfi við starfsfólk. Um getur verið að ræða böll, keppnir, sýningar o.fl. Einnig getur verið um að ræða ýmsa sameiginlega viðburði í hverfunum s.s. sameiginlega tónleika, keppni á milli félagsmiðstöðva og heimsóknir á milli félagsmiðstöðva.
- Þetta gefur unglungunum tækifæri til að koma eigin hugmyndum á framfæri og taka þátt í að skipuleggja og framkvæma þær í samráði við starfsfólk sem getur verið afar lærdómsríkt ferli. Þegar um sameiginlega viðburði er að ræða gefst tækifæri til þess að kynnast öðrum unglungum, vikka sjóndeildarhringinn og prófa nýja hluti sem er mikilvægur þáttur í því að þroska félagsfærni.

## FERÐIR

- Það er farið í ýmskonar ferðir í starfi félagsmiðstöðvanna. Yfirleitt er um að ræða dagsferðir eða ferðir þar sem gist er eina eða fleiri nætur. Þetta geta verið óvissuferðir, skíðaferðir, ferðir með unglingaráðin, árgangaferðir, klúbbaferðir o.s.frv. Í ferðum gefst færi á að kynna fyrir unglungum möguleika á fríundastarfi sem hægt er að stunda ótengt húsnæði félagsmiðstöðvarinnar og útivist er yfirleitt stór þáttur í slíkum ferðum.
- Ferðir veita unglungum og starfsfólki gott tækifæri til að mynda persónuleg tengsl og skapa samkennd innan unglingahópsins. Mjög oft eru unglungarnir að upplifa nýja og spennandi hluti í slíkum ferðum sem vikkar hjá þeim sjóndeildarhringinn. Ferðir reyna mjög á samskiptahæfni unglunganna þar sem nálægðin er mikil og þannig gefst gott tækifæri til að vinna með samskipti, trúnað og traust innan hópsins.

## ÞOR-VERKEFNIÐ

- Þor er verkefni sem vottar framlag og árangur unglinga í félagsmiðstöðvarstarfi. Virk þátttaka í starfi unglingaráða, við skipulagningu ýmissa viðburða, við fræðslustarf o.s.frv. getur fallið undir verkefnið. Með þátttöku í Þorinu fá unglingarnir meira út úr sínum áhugamálum og viðfangsefnum, fá tækifæri til að framkvæma sínar eigin hugmyndir og læra af öðrum unglingum og starfsfólki.
- Meginmarkmiðið er að unglingum gefist kostur á að fá starf sitt í félagsmiðstöðinni vottað, þ.e. að það óformlega nám sem þar á stað sé viðurkennt og metið í samfélaginu.

## FORVARNARVERKEFNI

- Fornvarnarstarf er rauði þráðurinn í gegnum allt starf félagsmiðstöðvanna en ýmis sértæk forvarnarverkefni eru þar mikilvægur þáttur. Þverfagleg teymi, hverfarölt og ýmis átaksverkefni tengd forvörnum spila einnig stórt hlutverk í starfinu. Starfað er í samræmi við þá stefnu sem sett er fram í Forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar.
- Markmið með sértækum forvarnarverkefnum er að unglingarnir fái góða og uppbyggilega reynslu af því starfi sem félagsmiðstöðvarnar bjóða upp á sem verði þeim leiðarvisir í átt til heilbrigðs lífsstíls.

## 5. HITT HÚSIÐ – MENNINGAR-OG UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ UNGS FÓLKS

Hitt húsið er vettvangur menningar-og upplýsingagjafar fyrir ungt fólk. Það er leiðandi í umræðu um málefni sem snúa að ungu fólki og endurspeglar menningu þess hverju sinni. Húsið þjónar ungmönnum á aldrinum 16 – 25 ára þó ákveðin verkefni höfði til breiðari aldurshóps. Þar getur ungt fólk leitað ráðgjafar og fengið fræðslu og stuðning. Starfsemi Hins hússins skiptist í fjórar deildir, Upplýsingamiðstöð, Menningardeild, Ráðgjafadeild og Sérsveitina, sem er starf fyrir fólk með fötlun.

### 5.1. UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ

Upplýsingamiðstöðin er móttaka hússins og er það hlutverk hennar að þjónusta alla sem þangað leita í samvinnu við aðra starfsmenn og þjónustar leigutaka og aðstoðar starfsmenn annarra deilda. Stór þáttur í starfi Upplýsingamiðstöðvar er að kynna starfsemi hússins og taka á móti hópum.

Markmið Upplýsingamiðstöðvarinnar er að veita upplýsingar um ýmis málefni sem varðar ungt fólk. Þar hefur ungt fólk m.a. til afnota nettengdar tölvur eða getur tengt eigin tölvu við þráðlaust net. Jafnframt hafa gestir aðgang að fjölbreyttu upplýsingaefni.

### 5.2. VINNUMIÐLUN UNGS FÓLKS (VUF)

- Markhópur Vinnumiðlunar ungs fólks eru reykvisk ungmenni á aldrinum 16-25 ára. Sérstaklega er hugað að aldurshópnum 16-18 ára. Hjá VUF er hægt að fá einstaklingsmiðaða aðstoð hvort heldur vegna atvinnuleitar eða vegna annarra mála sem snúa að ungu fólki og vinnumarkaði.
- Meginhlutverk VUF er að styrkja stöðu ungs fólks í Reykjavík á vinnumarkaði.

### 5.3. MENNING OG LISTIR

Hitt húsið er vettvangur ungs fólks til listsköpunar. Áherslan í menningarstarfi Hins hússins er að ungt fólk skapi, finni upp, geri tilraunir, vaxi, brjóti reglur, geri mistök og skemmti sér.

#### GALLERÍ TUKT


- Gallerí Tukt er opinn vettvangur þar sem ungt fólk getur sýnt verk sín sér að kostnaðarlausu. Hver sýning stendur í 16 daga og fær listamaðurinn leiðsögn í að setja upp sýninguna og aðstoð við að kynna hana.
- Markmiðið er að styðja við og hvetja til myndlistariðkunar á meðal ungs fólks og að veita ungu fólki aðstöðu og aðstoð við að koma listsköpun sinni á framfæri.

#### FIMMTUDAGSFORLEIKUR

- Fimmtudagsforleikur er tónleikaröð yfir vetrartímann sem er vettvangur fyrir ungt fólk til að koma tónlist sinni á framfæri. Jafnframt fær unga fólkið reynslu í því að sjá um tónleika. Aðgangur er ókeypis og gefur það ungu fólki tækifæri til að kynna sér hvað er efst á baugi á tónlistinni.
- Markmiðið er að veita ungu tónlistarmönnum aðstöðu og aðstoð við að koma tónlist sinni á framfæri. Áhersla er lögð á virka þátttöku og reynslunám umsækjanda um framkvæmd viðburða. Ungu fólki er einnig gefið tækifæri til að njóta tónlistar í öruggu umhverfi en það hefur forvarmargildi.

#### LISTSMIÐJA

- Hitt húsið hefur til umræða vinnuáætlun til listsköpunar af ýmsu tagi fyrir hópa. Í Listsmiðjunni er góð aðstaða og öll helstu verkfæri til afnota.
- Markmiðið er að veita ungu fólki aðstöðu til að vinna að verkum sínum og efla á þann hátt listsköpun meðal ungs fólks.



### SAMSTARFSADILAR Á BORGAR/LANDSVÍSU

- ÍTR aðalskrifstofa
- Fristundamiðstöðvar
- Framhaldsskólar
- Háskólar
- Tónlistarskólar
- Dansskólar
- Vinnuskóli Reykjavíkur
- Höfuðborgarstofa
- Önnur ungmennahús
- Samfés
- Þjónustumiðstöðvar

### FORVARNIR OG FRÆÐSLA

- Fræðsla starfsfólks
- Átakverkefni
- Þverfaglegt samstarf

### SAMSTARFSADILAR Í BORGARHLUTANUM

- Félagasamtök

### UNGLIST

- Listahátíð ungs fólks sem stendur yfir í viku ár hvert nefnist Unglist. Það er breytilegt frá ári til árs hvar viðburðirnir á hátíðinni fara fram. Dagskráin samanstendur af tónlist, hönnun, tísku, ljósmyndun, myndlist og leiklist svo að eitthvað sé nefnt. Hátíðin endurspeglar alla jafna það sem er að gerast í listsköpun hjá ungu fólki.
- Meginmarkmið Unglistar er að allir menningarkimar fái tækifæri til að koma listsköpun sinni á framfæri og að vera farvegur fyrir ungt fólk til þátttöku og áhrifa á sviði menninga og lista. Unglist stuðlar að samvinnu við aðila og stofnanir sem vinna að listum og menningu ungs fólks.

### GÖTULEIKHÚS HINS HÚSSINS

- Á hverju sumri býðst ungmennum 17 ára og eldri að sækja um starf í Götuleikhúsi Hins Hússins. Þátttakendur sjá um undirbúning s.s. búningahönnun og handritsgerð í samvinnu við viðkomandi leikstjóra. Til að komast í Götuleikhúsið þarf að gangast undir leikprufu. Hópurinn stendur fyrir fjölmörgum uppákómum, stórum sem smáum í borginni yfir sumarið.
- Markmiðið er að veita ungu áhugafólki um leiklist möguleika á að efla félagsfærni og frumkvæði í gegnum skapandi vinnu og að glæða götur og torg borgarinnar lífi með metnaðarfullum leikrænum uppákómum yfir sumartímann.

## SKAPANDI SUMARSTÖRF

- Skapandi sumarstörf er starfsvettvangur fyrir ungt fólk á aldrinum 17-25 ára. Einstaklingar og hópar geta sótt um skapandi sumarstörf til að koma hugmyndum sínum og verkefnum í framkvæmd í upphafi hvers árs. Hóparnir eru ráðnir til starfa í samvinnu við Vinnumiðlun ungs fólks. Ábyrgð og framkvæmd verkefnanna er í höndum unga fólksins sem starfar sjálfstætt og hefur jafnvel fengið styrki til verkefna sinna frá ýmsum sjóðum, stofnunum eða félagasamtökum. Hitt Húsið greiðir þeim laun og aðstoðar á margvíslegan hátt.
- Markmiðið er að skapa ungu listafólki tækifæri á að vinna að list sinni yfir sumarið, auka fjölbreytni í sumarvinnu skólafólks og styðja og efla menningarlíf borgarinnar yfir sumartímann.

## 5.4. SÉRSVEITIN

Starf Sérsvéitarinnar byggir á tveimur meginmarkmiðum.

Annarsvegar er byggt á þeirri færni sem einstaklingurinn býr yfir og hins vegar er einstaklingnum veittur stuðningur þegar hann þarf á því að halda. Áhersla er lögð á hæfni í stað vanhæfni og þannig öðlast fólk færni sem nýtist því síðar við að vinna hlutina án stuðnings. Hjá Sérsvéitinni er boðið uppá ráðgjöf og stuðning fyrir fólk með fötlun og aðstandendur þeirra.

- Sérsvéitin sér um frístundaheimili og félagsstarf fólks með fötlun. Hún stendur fyrir opnu starfi, klúbbastarfi og almennri ráðgjöf varðandi frístundastarf ásamt sumarstarfi fyrir fötlud börn og ungmenni.
- Meginmarkmið Sérsvéitarinnar er að styðja hinn fatlaða til sjálfstæðis, sem einstakling og í samskiptum við aðra og kynna fyrir þeim hvað stendur til boða hvað varðar frístundir, búsetu og nám. Í starfi Sérsvéitarinnar er lögð áhersla á þrjá meginþætti: eflingu sjálfstrausts, eflingu sjálfstæðis og eflingu samkenndar með öðrum.

## 5.5. RÁÐGJÖF

Í Hinu húsinu er hlutlaus vettvangur fyrir ungt fólk að leita sér ráðgjafar, fræðslu og stuðnings. Meginmarkmið ráðgjafarþjónustunnar er upplýsa um félagsleg úrræði, frekari ráðgjöf og stuðning fyrir ungt fólk.

## JAFNINGJAFRÆÐSLAN

- Forvarnarstarf sem unnið er af ungu fólki fyrir annað ungt fólk. Markhópurinn eru einstaklingar á aldrinum

16-25 ára og eru starfsmenn Jafningjafraeðslunnar innan þessa aldursbils. Á sumrin er unnið með unglingum í Vinnuskóla Reykjavíkur en á veturna er unnið með framhaldsskólunum. Jafningjafraeðslan tekur til umfjöllunar mál sem tengjast ungu fólki s.s.

- kynferðisofbeldi, siðferði kynlífs, átraskanir og misnotkun fíkniefna og skaðsemi þeirra.
- Markmiðið er fyrst og fremst að fræða og skapa umræðu um málefni sem varða ungt fólk og að vinna með og styrkja sjálfsmynd ungs fólks. Starfið er skipulagt og unnið af ungu fólki.

## HÁLENDISHÓPURINN

- Verkefnið er samstarfsverkefni Þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar og Hins Hússins fyrir ungt fólk sem sýnt hefur verulega áhættuhegðun. Unnið er eftir hugmyndafræði hópastarfs og hápunktur verkefnisins er tveggja vikna ferð í óbyggðum. Undirbúningur og eftirfylgd er mikilvægur þáttur í starfinu.
- Markmiðið er að styrkja ungmenni í félagslegum erfiðleikum, kveikja hjá þeim vilja til að bæta líf sitt og taka ábyrgð á eigin athöfnum. Einnig er stefnt að því að þátttakendur þekki getu sína og takmarkanir, styrki sjálfsmynd sína og sjálfstraust til að ná tökum á tilverunni.

## TÓTALRÁÐGJÖF

- Ráðgjöfin er samstarfsverkefni þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar, Hins Hússins, Fræðslusamtaka um kynlíf og barneignir, Nýrrar leiðar og annarra samtaka innan Reykjavíkur. Tótalráðgjöf býður heildræna ráðgjöf til ungs fólks á aldrinum 16 – 25 ára. Ráðgjöfin er sérstaklega hönnuð með þarfir þessa aldurshóps í huga og fer að mestu fram í gegnum netið.
- Markmið verkefnisins er að bjóða ungu fólki farveg til að greina vanda sinn og fá aðstoð til úrlausna á skjóttan og heildrænan hátt.

## BRÚ MILLI MENNINGARHEIMA

- Hópastarf ætlað ungm innflytjendum sem búsettir er hér á landi. Verkefninu er ætlað að rjúfa einangrun þessa hóps og styrkja hann til í aðlögun að íslensku samfélagi. Verkefninu er jafnframt ætla að efla íslenskukunnáttu þátttakenda og hvetja þátttakendur til að stunda nám.
- Meginmarkmið er að stuðla að aðlögun ungra innflytjenda að íslensku samfélagi.



### UNGT FÓLK MEÐ UNGANA SÍNA

- Hópastarf sem ætlað er ungu fólki sem eignast börn snemma á lífsleiðinni.
- Meginmarkmið verkefnisins er að veita ungu foreldrum félagslegan stuðning og efla félagslega vitund þeirra.

### 5.6. SAMSTARFSVERKEFNI

Hitt húsið vinnur jafnframt að verkefnum í samstarfi við aðila innan ÍTR sem og utan.

#### ERLEND SAMSTARFSVERKEFNI

- Erlend samstarfsverkefni gefa íslenskum ungmennum tækifæri á að starfa með jafnöldrum sínum erlendis sem og hérlendis. Sótt er um fjármagn fyrir verkefni hjá Ungu fólki í Evrópu, sem aðstoðar þau við að gera samstarfssamninga við aðila sem að vinna faglega með ungu fólki erlendis.

- Markmiðið er að að bjóða ungmennum uppá óhefðbundið þvermenningarlegt nám sem stuðlar að samfélagslegri ábyrgð og virkri samfélagsþátttöku. Jafnframt veitir þátttaka í slíkum verkefnum ungu fólki með áhuga á menningu og listum möguleika á að vera í samstarfi við ungt fólk erlendis og að vera móttakendur fyrir Evrópska sjálfbodaðið

#### VIÐBURÐIR OG KEPPNIR

- Hitt húsið annast í samstarfi við frístundamiðstöðvar skipulagningu og framkvæmd Músíktílauna og Skrekkis. Músíktílaunir er samstarfsverkefni Tónabæjar og Hins hússins sem veitir ungu tónlistarmönnum möguleika á að koma tónlist sinni á framfæri. Skrekkur er hæfileikakeppni ÍTR fyrir grunnskólana í Reykjavík.
- Keppnirnar hafa afþreyingargildi en markmiðið er að gefa ungu fólki vettvang til að styrkja sjálfsmynd sína með því að nýta hæfileika sína og að skemmta sér í öruggu og heilbrigðu umhverfi.

## 6. ANNÆÐ STARF Á VEGUM SKRIFSTOFU TÓMSTUNDAMÁLA

Skrifstofa tómstundamála starfrækir jafnframt verkefni sem ekki falla undir starfssvið einstakra starfsstaða. Umsjón þeirra verkefna er ýmist í höndum starfsmanna skrifstofunnar eða aðila sem starfa úti í hverfunum.

### 6.1. KEPPNIR

Skrifstofa tómstundamála skapar vettvang fyrir ungt fólk fyrir ýmiss konar keppni. Hefð hefur skapast um nokkrar keppni þar sem unglíngarnir reyna með sér og þeirra framlag og frammistaða er í forgrunni. Jafnframt hafa slíkir viðburðir afþreyingargildi fyrir áhorfendur og fylgismenn þeirra sem skrá sig til þátttöku.

#### SPURNINGAKEPPNI GRUNNSKÓLANNA NEMA HVAD?

- Nema hvað? er spurningakeppni ÍTR fyrir grunnskólana í Reykjavík. Hverjum skóla með unglíngadeild gefst kostur á að senda þriggja manna lið til keppinnar. Keppnin er tvíþætt þar sem fyrri hluti keppinnar fer fram í fjórum borgarhlutum og keppt er um hverfismeistaratitil. Hverfismeistarar borgarhlutanna keppa svo til úrslita í seinni hluta keppinnar.
- Markmið með keppninni er að bjóða unglíngum upp á tækifæri til að reyna með sér á þekkingarsviðinu og gefa færi á skemmtilegri afþreyingu fyrir áhorfendur.

#### SKREKKUR - HÆFILEIKAKEPPNI ÍTR FYRIR GRUNNSKÓLANA Í REYKJAVÍK

- Skrekkur er hæfileikakeppni ÍTR fyrir grunnskólana í Reykjavík. Hverjum skóla með unglíngadeild gefst kostur á að senda eitt atriði til keppinnar. Hæfileikakeppnin er gott tækifæri fyrir ungt fólk að stefna saman ólíkum listgreinum í sköpun sinni. Fyrri hluti keppinnar er undankeppni þar sem skólarnir keppa um tvö sæti á þremur undanúrslitakvöldum. Seinni hluti keppinnar eru úrslit þar sem tveir skólar frá hverju undankvöldi keppa til úrslita.
- Markmið með keppninni er að styðja við menningar- og listalíf unglínga með því að bjóða upp á tækifæri til að fást við skipandi sviðslist í metnaðarfullu umhverfi.

#### MÚSÍKTILRAUNIR - HLJÓMSVEITAKEPPNI

- Músíktílaunir er tónlistarhátíð þar sem ungu tónlistarfólki á aldrinum 13 – 25 ára gefst kostur á að koma tónlist sinni á framfæri. Músíktílaunir skiptast í undankvöld þar sem 50 hljómsveitir etja kappi um sæti á úrslitakvöldi. Tvær til þrjár hljómsveitir komast áfram frá hverju undankvöldi og á úrslitakvöldinu eru valin þrjú tónlistaratriði sem þykja skara fram úr. Músíktílaunir eru án efa hvati að virkri tónlistariðkun fyrir mikinn fjölda ungs tónlistarfólks. Þær eru jafnframt vettvangur tónlistaráhugafólks til að fylgjast með grósku og sköpunargleði í grasrótinni.
- Markmið með Músíktílaunum er að veita ungu tónlistarfólki og hljómsveitum tækifæri á að koma tónlist sinni á framfæri og að hvetja textahöfunda til að semja á íslensku. Jafnframt eru Músíktílaunir vettvangur fyrir unnendur tónlistar til að geta fylgst með ungun og efnilegum hljómsveitum og tónlistarfólki. Með öflugum kynningarstarfi eru fjölmiðlar um leið hvattir til að stuðla að umræðu og kynningu á ungu og upprennandi tónlistarfólki.

#### SKÁKMÓT ÍTR OG TAFLÉLAGS REYKJAVÍKUR FYRIR GRUNNSKÓLANA Í REYKJAVÍK

- Í samstarfi við Taflfélag Reykjavíkur stendur ÍTR fyrir skákmóti tvisvar á ári fyrir nemendur grunnskólanna í Reykjavík. Skákmótin eru aldursskipt, annars vegar fyrir 1.-7.bekk og hins vegar fyrir 8.-10.bekk. Hver skóli getur sent tvær sveitir til keppni í hvorum aldursflokki og er hver sveit skipuð fjórum keppendum, auk varamanns. Fyrri hluti hvers móts eru hraðskákir en seinni hlutinn kappsákir þar sem stigahæstu sveitir frá fyrri hlutanum eigast við.
- Markmið með skákmótunum er að gefa börnum og unglíngum tækifæri til að reyna með sér í skáklíttinu og hvetja til virkrar þátttöku í gegnum heilbrigðar tómstundir.





### **TAKA - STUTTMYNDAHÁTIÐ FYRIR GRUNNSKÓLANA Í REYKJAVÍK**

- Í samstarfi við Menntasvið stendur ÍTR árlega fyrir stuttmyndahátíðinni TAKA. Hátíðin er jafnframt keppni og veitt eru verðlaun í þremur flokkum, hreyfimynd, leikin stuttmynd og heimildarmynd. Keppt er í tveimur aldursflokkum, 10-12 ára og 13-16 ára.
- Kvikmyndagerð er samvinnuverkefni sem krefst ögunar til þess að margir þættir geti sameinast í einni heild. Markmið með stuttmyndahátíðinni er að skapa börnum og unglingum færi á að tjá sig á skapandi hátt með því að nýta margar listgreinar í einum miðli, kvikmyndagerð.


### **RÍMNAFLÆÐI - RAPPKEPPNI**

- Rímnaflæði er keppni í rappi þar sem frumefnin fjögur, rímur, flæði, still og texti koma við sögu. Keppnin er einföld í uppsetningu og rúmar allt að 20 atriði en keppnin fer fram á einu kvöldi. Áhorfendur eru ómissandi hvað varðar stemninguna. Frammistaða keppenda er metin af vel valinni dómnefnd sem sker úr um Rímnaflæðismeistara hvernar keppni. Keppnishugtakið er þó alls ekki í forgrunni heldur er aðalatriðið að óþekktir og ungir tónlistamenn fái að stíga á stökk við góðar aðstæður.

- Markmiðið með þessari rótgrónu rappkeppni er að gefa ungum röppurum/textasmiðum tækifæri til að stíga á stökk fyrir áhorfendur við góðar aðstæður og koma þannig á framfæri hugðarefnum sínum.

### **DANSKEPPNIN FREESTYLE**

- Freestyle er danskeppni fyrir ungt dansáhugafólk á aldrinum 13 – 17 ára, þ.e. nemendur í 8. – 10. bekk grunnskóla og fyrstu bekki í framhaldsskóla. Freestyle skiptist í einstaklings- og hópakeppni og er keppt um Reykjavíkurmeistaratitil og Íslandsmeistaratitil. Keppninni er ætlað að stuðla að dansáhuga ungs fólks og hvetja til heilbrigðs lífsstíls og hollrar hreyfingar.
- Markmið keppinnar er að stuðla að auknum dansáhuga meðal ungs fólks, gefa ungum dönsurum tækifæri á að koma fram og listsköpun sinni á framfæri auk þess að hvetja til heilbrigðs lífstíls með áherslu á hreyfingu og heilbrigðar tómsundurir.



## 6.2. NAUTHÓLSVÍK

Starfsemi ÍTR í Nauthólsvík er tvíþætt, annarsvegar siglingaklúbburinn Siglunes og hinsvegar Ylströndin, en rekstur hennar heyrir undir skrifstofu íþróttamála. Siglunes er ævintýramiðstöð í Nauthólsvík þar sem börnum og unglingum gefst kostur á að finna kröftum sínum og ævintýraþrá farveg. Rík áhersla er lögð á þjálfun starfsfólksins. Það er þjálfað í notkun báta og búnaðar sem notaður er á námskeiðunum svo og skyndihjálp.

### NÁMSKEIÐ

- Starfsemi Siglunes er að miklu leyti með námskeiðsfyrirkomulagi, en haldin eru siglinganámskeið sem standa yfir í 2 vikur í senn á tímabilinu júní - ágúst. Siglinganámskeiðin eru ætluð börnum á aldrinum 9-12 ára.
- Markmið siglinganámskeiðanna er að kenna börnum og ungmennum undirstöðuatriði siglinga í öruggu og skemmtilegu umhverfi. Starfsfólk hefur mikla þekkingu og reynslu á viðfangsefni námskeiðanna, það leggur áherslu á að öllum þátttakendum líði vel og að dagskrá námskeiðanna sé fjölbreytt, þroskandi og skemmtileg.

### KLÚBBASTARF


- Klúbbastarf er starfrækt fyrir þá sem hafa farið á siglinganámskeið og/eða hafa einhverja reynslu af siglingum. Klúbbastarfið er ætlað unglingum á aldrinum 12-15 ára.
- Markmið með klúbbastarfinu er að gefa áhugasömum unglingum möguleika á að halda við og bæta kunnáttu sína af siglinganámskeiðum.

### BÁTALEIGA

- Bátaleiga hefur verið starfrækt í Nauthólsvík yfir sumartímann um árabíl. Bátaleigan er opin utan starfstíma námskeiða.
- Markmið með rekstri bátaleigu er að gefa einstaklingum og fjölskyldum tækifæri til að njóta siglinga og útvistar.

### SAMSTARF

- Yfir sumartímann gefst börnum á leikjanámskeiðum og unglingum í hópastarfi fristundamiðstöðva ÍTR færi á að heimsækja Siglunes og nota þá aðstöðu sem þar er fyrir hendi til siglinga og annarrar útvistar. Einnig býðst öðrum stofnunum og félagasamtökum að gera slíkt hið sama.
- Markmið með samstarfinu er að kynna siglingar sem valkost í útvist Reykvikinga og bjóða upp á fjölbreytta útvistarstarfsemi fyrir borgarbúa sem og stofnanir í öruggu og skemmtilegu umhverfi.



## EFNI SEM STUÐST VAR VIÐ:

Adda Rúna Valdimarsdóttir og Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (án árs). *Starfsmannahandbók frístundaheimila ÍTR*. Reykjavík, ÍTR.

Andersen, Else Marie. (2005). *Målsætninger; Læreplan for klubber*. Børn&Unge nr. 07. Sótt 16. mars 2006 af <http://www.boernogunge.dk/internet/BoernOgUnge.nsf/0/07EDED06DAF04CAFC1256FB000457207!OpenDocument>

Anderson, Holger. (2006). *Handlingsplan för Fritid Lund*. Lund, Lunds Kommun.

Elfa Stefánsdóttir og Geir Bjarnason (Ritstj.). (án árs). *Starfsskrá ÍTH fyrir félagsmiðstöðvar í Hafnarfirði*. Hafnarfjörður, ÍTH.

Félag fagfólks í frítímaþjónustu. (e.d.). *Siðareglur fagfólks í frítímaþjónustu*. Sótt 15. ágúst 2006 af <http://www.fagfelag.is/default2.asp?strAction=getPublication&intPublId=64>

Börne- og kulturforvaltningen – center för udvikling og dokumentation. (2005). *Målsætning for fritids- og ungdomsklubber*. Gladsaxe, Gladsaxe Kommune.

Henning Jacobsen. 2000. *Ungdomsarbeideren – om kultur og metode i fritidsklubber*. Oslo, Kommuneforlaget.

Íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkur. (án árs). *Meginstefna og starfsáherslur ÍTR 2005-2010*. Reykjavík, ÍTR.

Íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkur. (án árs). *Þjónustulýsingar*. Reykjavík, ÍTR. Óútfíð efni.

Jensen, Vibeka Bye. (2002). *Nationale læreplaner – en plan for livet*. Børn&Unge nr. 12. Sótt 16. mars 2006 af <http://www.boernogunge.dk/internet/BoernOgUnge.nsf/0/9F01ACE69742F8C9C1256B8300457E25!OpenDocument>

Jensen, Vibeka Bye. (2004). *Læring er på mode*. Børn&Unge nr. 38. Sótt 16. mars 2006 af <http://www.boernogunge.dk/internet/BoernOgUnge.nsf/0/A590D84BB8281AA0C1256F41003AB834!OpenDocument>

Menntamálaráðuneytið. (2005). *Aðalnámskrá grunnskóla – lífsleikni – tillögur*. Sótt 20. september 2006 af [http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/namsskipan\\_%20lifsleikni\\_grsk.pdf](http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/namsskipan_%20lifsleikni_grsk.pdf)

Peter Barnes. 2002. *Leadership with Young People*. Dorset, Russell House Publishing Ltd.

Sigrún Sveinbjörnsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir (Ritstj.). 2006. *Hópastarfshandbók*. Reykjavík, ÍTR. Óútfíð efni.

Umboðsmaður barna. (1992). *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*. Sótt 20. júní 2006 af <http://www.barn.is/page.asp?id=46&pid=13>

